

Atvinnuveganefnd Alþingis.
Alþingishúsinu
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/1802
komudagur 18.4.2012

Á fundi bæjarráðs Ölfuss í dag 18. Apríl var tekið til umsagnar frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, mál nr. 657.

Eftirfarandi bókun varðandi málið var samþykkt samhljóða:

"Bæjarráð Ölfuss telur að vanda verði vel til verka þegar breyta á jafn viðamiklu máli og stjórn fiskveiða er og telur að nauðsynlegt sé að gefa öllum þeim aðilum sem að sjávarútvegi koma hvort sem þeir eru eingöngu í útgerð, útgerð og fiskvinnslu, eingöngu fiskvinnslu og starfsfólki til sjós og lands kost á því að koma að vinnslu málsins. Líf margra sveitarfélaga á landsbyggðinni byggist að miklu leyti á útgerð og fiskvinnslu, það er því nauðsynlegt að tryggja að veiðiheimildir fari ekki burt úr byggðalögum án þess að hægt sé að sporna við því með öflugum hætti. Mesta ógn sem steðjar að hverju sjávarplássi er hvort aflaheimildir verða seldar burt eða ekki. Flest sveitarfélög hafa ekki burði til að kaupa aflaheimildir á þeim verðum sem ganga á frjálsum markaði. Allt stefnir í að útgerðum muni enn fækka og aflaheimildir færast á færri hendur með tilheyrandi atvinnuleysi í smærri byggðalögum. Ekki er tryggt með neinum hætti að upptaka veiðiheimilda varanlega af núverandi útgerðarfélögum muni skila sér aftur í viðkomandi sveitarfélag í gegnum leigupotta eða aðra pólitíska ráðstöfun yfirvalda".

Þetta tilkynnist hér með.

Með bestu kveðjum

Guðni Pétursson
bæjarritari
Sveitarfélagsins Ölfuss
sími 480-3800 bréfasími 480-3801
guдни@olfus.is
www.olfus.is